



HVATARBLAÐIÐ



Fjallkona Grímsnes- og Grafningshrepps 2022
Margrét Bergsdóttir, flutti hún ljóðið
„Hvað bindur vorn hug“ eftir Einar Benediktsson.

527. fundur 1. júní 2022 kl. 09:00 - 11:45
Stjórnsýsluhúsinu Borg



Sveitarstjórn

- Ása Valdís Árnadóttir
- Björn Kristinn Pálmarsson
- Smári Bergmann Kolbeinsson
- Dagný Davíðsdóttir
- Ragnheiður Eggertsdóttir

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Ása Valdís Árnadóttir

1. Kosning oddvita.

Gengið var til skriflegrar kosningar oddvita, Ása Valdís Árnadóttir hlaut 3 atkvæði og Ragnheiður Eggertsdóttir hlaut 2 atkvæði, er því Ása Valdís Árnadóttir rétt kjörin oddviti út kjörtímabilið. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að Ása Valdís Árnadóttir oddviti muni gegna stöðu sveitarstjóra þar til sveitarstjóri hefur verið ráðinn, þar sem oddviti er staðgengill sveitarstjóra samkvæmt samþykktum sveitarfélagsins.

2. Kosning varaoddvita.

Gengið var til skriflegrar kosningar varaoddvita. Björn Kristinn Pálmarsson hlaut 3 atkvæði og Dagný Davíðsdóttir hlaut 2 atkvæði, er því Björn Kristinn Pálmarsson rétt kjörin varaoddviti út kjörtímabilið.

3. Tilboð í ráðningu sveitarstjóra.

Fyrir liggja fjögur tilboð frá ráðningarskrifstofum. Umræða varð um fyrirkomulag ráðningar sveitarstjóra Grímsnes- og Grafningshrepps. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að starf sveitarstjóra verði auglýst sem fyrst laust til umsóknar og að samið verði við Hagvang um ráðningarferlið á grundvelli fyrirliggjandi tilboðs um þá þjónustu. Oddviti er falið að ganga til samninga við Hagvang um ráðningarferlið og að auglýsing um starfið verði í samræmi við umræðu sem átti sér stað á fundinum.

4. Laun sveitarstjórnarmanna og nefndarlaun.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að laun sveitarstjórnar verði eftirfarandi:

- Sveitarstjórnarmenn fá greidd 10% af þingfararkaupi á mánuði.
- Varamenn fá greidd 5% af þingfararkaupi fyrir hvern setinn fund.

Aðrir fundir en sveitarstjórnarfundir sem sveitarstjórnarmenn taka þátt í eru greiddir. Til þess að greitt verði fyrir fundi þarf viðkomandi sveitarstjórnarmaður að vera kjörinn af sveitarstjórn til fundarsetunnar eða á annan hátt mælst til þess af oddvita/sveitarstjóra að hann mæti. Oddvita/sveitarstjóra ber að staðfesta fundarsetuna og koma þeim upplýsingum til launafulltrúa. Fyrir heilan dag er greitt 3% af þingfararkaupi en fyrir hálfan dag er greitt 1,5% af þingfararkaupi. Að auki er greiddur akstur skv. Akstursdagbók. Oddviti fær ekki greitt sérstaklega fyrir slíka fundarsetu. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að laun nefndarmanna sveitarfélagsins verði eftirfarandi:

- Formenn nefnda fá greidd 2% af þingfararkaupi fyrir fund. Ekki verður greitt sérstaklega fyrir akstur.
- Almennir nefndarmenn fá greitt 1% af þingfararkaupi fyrir hvern fund. Ekki verður greitt sérstaklega fyrir akstur.
- Hjá kjörstjórn er kjörfundur vegna sveitarstjórnarkosninga metinn sem sex fundir en aðrir kjörfundir svo sem Alþingiskosningar sem fimm fundir. Greitt verður sérstaklega fyrir akstur samkvæmt aksturdagbók.
- Hjá atvinnu- og menningarnefnd er 17. júní metinn sem þrír fundir. Ef fulltrúar í nefndum sveitarfélagsins fara á fundi utan heimabyggðar fá þeir greidd fundarlaun nefnda fyrir hvern fund auk aksturs skv. aksturdagbók. Til þess að greitt verði fyrir fundi utan heimabyggðar þarf viðkomandi nefndarmaður að vera kjörinn af sveitarstjórn til fundarsetunnar eða á annan hátt mælst til þess af sveitarstjórn að hann mæti. Oddvita/sveitarstjóra ber að staðfesta fundarsetuna og koma þeim upplýsingum til launafulltrúa.

5. Skipun í nefndir:

a) Kjörstjórn.

Kristín Björg Albertsdóttir, formaður
Kristín Þorfinnsdóttir
Bragi Svavarsson

Til vara
Valgeir Fridolf Backman
Guðríður Einarisdóttir
Magnús Grímsson

b) Skólanefnd.

Pétur Thomsen, formaður
Guðrún Helga Jóhannsdóttir
Anna Margrét Sigurðardóttir

Til vara
Anna Katarzyna Wozniczka
Guðmundur Finnbogason
Dagný Davíðsdóttir

c) Fjallskilanefnd.

Antonía Helga Guðmundsdóttir, formaður
Haraldur Páll Þórsson
Brúney Bjarklind Kjartansdóttir
Bergur Guðmundsson
Rúna Jónsdóttir

Til vara
Benedikt Gústavsson
Guðmundur Jóhannesson
Árni Þorvaldsson
Sæmundur Þorbjörn Sæmundsson
Guðrún S. Sigurðardóttir

d) Loftslags- og umhverfisnefnd.

Guðmundur Finnbogason, formaður
Guðrún Helga Jóhannsdóttir
Heiða Björk Sturludóttir

Til vara
Sigríður Kolbrún Oddsdóttir
Jakob Guðnason
Þórður Ingi Ingileifsson

e) Atvinnu- og menningarnefnd.

Anna Katarzyna Wozniczka, formaður
Pétur Thomsen
Anna María Daníelsdóttir

Til vara
Jakob Guðnason
Guðrún Helga Jóhannsdóttir
Þorkell Þorkelsson

f) Lýðheilsu- og æskulýðsnefnd.

Jakob Guðnason, formaður
Anna Katarzyna Wozniczka
Dagný Davíðsdóttir

Til vara
Guðrún Helga Jóhannsdóttir
Guðmundur Finnbogason
Sigurður Yngvi Ágústsson

g) Framkvæmda- og veitunefnd.

Smári Bergmann Kolbeinsson, formaður
Björn Kristinn Pálmarsson
Þorkell Þorkelsson

Til vara
Jakob Guðnason
Anna Katarzyna Wozniczka
Bergur Guðmundsson

h) Húsnefnd félagsheimilisins Borgar.

Guðmundur Jónsson
Karl Þorkelsson

Til vara
Steinar Sigurjónsson
Ragnheiður Eggertsdóttir

i) Samráðshópur um málefni aldraðra

Sigríður Kolbrún Oddsdóttir

Til vara
Guðrún M. Njálisdóttir

j) Fulltrúi í Skipulagsnefnd Uppsveita.

Björn Kristinn Pálmarsson

Til vara
Smári Bergmann Kolbeinsson

k) Fulltrúi í stjórn Umhverfis- og tækni- og tæknisviðs uppsveita bs.

Björn Kristinn Pálmarsson

Til vara
Smári Bergmann Kolbeinsson

l) Fulltrúi í seyrustjórn (stjórn Samstarfsverkefnis um seyrurekstur).

Ása Valdís Árnadóttir

Til vara
Smári Bergmann Kolbeinsson

m) Fulltrúi í yfirstjórn Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings (NOS).

Ása Valdís Árnadóttir

Til vara
Sveitarstjóri

n) Fulltrúi í Skólaþjónustu- og velferðarnefnd Árnesþings.

Smári Bergmann Kolbeinsson

Til vara
Steinar Sigurjónsson

o) Fulltrúar á aðalfund Bergrisans bs.

Ása Valdís Árnadóttir
Smári Bergmann Kolbeinsson
Dagný Davíðsdóttir

Til vara
Björn Kristinn Pálmarsson
Steinar Sigurjónsson
Ragnheiður Eggertsdóttir

p) Fulltrúi í Héraðsnefnd Árnesinga bs.

Smári Bergmann Kolbeinsson
Áheyarnarfulltrúi í Héraðsnefnd
Ragnheiður Eggertsdóttir

Til vara
Ása Valdís Árnadóttir
Dagný Davíðsdóttir

q) Fulltrúi í Almannavarnarnefnd Árnessýslu.

Sveitarstjóri

Til vara
Ása Valdís Árnadóttir

r) Fulltrúi í Oddvitanefnd Uppsveita Árnessýslu.

Ása Valdís Árnadóttir

Til vara
Björn Kristinn Pálmarsson

s) Fulltrúi á landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Ása Valdís Árnadóttir

Til vara
Smári Bergmann Kolbeinsson

t) Fulltrúar á aðalfund SASS.

Ása Valdís Árnadóttir
Björn Kristinn Pálmarsson
Ragnheiður Eggertsdóttir

Til vara

Smári Bergmann Kolbeinsson
Steinar Sigurjónsson
Dagný Davíðsdóttir

u) Fulltrúar á aðalfund Heilbrigðiseftirlits Suðurlands.

Ása Valdís Árnadóttir
Björn Kristinn Pálmarsson
Ragnheiður Eggertsdóttir

Til vara

Smári Bergmann Kolbeinsson
Steinar Sigurjónsson
Dagný Davíðsdóttir

v) Fulltrúi á aðalfund Sorpstöðvar Suðurlands.

Ása Valdís Árnadóttir

Til vara

Björn Kristinn Pálmarsson

w) Fulltrúi á aðalfund Eignarhaldsfélags Suðurlands.

Smári Bergmann Kolbeinsson

Til vara

Björn Kristinn Pálmarsson

x) Fulltrúi í öldungaráð.

Sigríður Kolbrún Oddsdóttir

Til vara

Guðrún M. Njálisdóttir

y) Fulltrúar í Svæðisskipulag Suðurlands.

Björn Kristinn Pálmarsson
Ása Valdís Árnadóttir

Til vara

Smári Bergmann Kolbeinsson
Ragnheiður Eggertsdóttir

6. Fundartími sveitarstjórnar.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að sveitarstjórnarfundir kjörtímabilið 2022-2026 verði haldnir klukkan 9:00 fyrsta og þriðja miðvikudag í mánuði í fundarsal sveitarstjórnar í stjórnsýsluhúsinu Borg.

7. Sumarleyfi sveitarstjórnar og næstu fundir hennar.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að sveitarstjórn verði í sumarleyfi seinni fund í júlí og fyrri fund í ágúst. Næstu fundir sveitarstjórnar eru þá 15. júní, 6. júlí og 17. ágúst.

8. Sumarlokun á skrifstofu Grímsnes- og Grafningshrepps.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að skrifstofa Grímsnes- og Grafningshrepps verði lokuð vegna sumarleyfa starfsmanna frá 18. júlí til og með 5. ágúst 2022.

9. Fundargerðir.

a) Fundargerð 20. fundar ungmennaráðs Grímsnes- og Grafningshrepps, 28. febrúar 2022.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

b) Fundargerð 45. fundar æskulýðs- og menningarmálanefndar Grímsnes- og Grafningshrepps, 16. apríl 2022.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

c) Fundargerð 46. fundar æskulýðs- og menningarmálanefndar Grímsnes- og Grafningshrepps, 19. maí 2022.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

d) Fundargerð 239. fundar Skipulagsnefndar Uppsveita, 11. maí 2022. Mál nr. 16, 17, 18, 19, 20, 21, 22, 23, 24 og 31 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.

Lögð fram 239. fundargerð Skipulagsnefndar Uppsveita, dagsett 11. maí 2022. Eftirfarandi dagskrárliðir þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar;

Mál nr. 16: Illagil 17 L209154 og 19 L209155; Skilmálabreyting; Deiliskipulagsbreyting – 2110086.

Lögð er fram tillaga deiliskipulagsbreytingar sem byggir á umsókn Ágústs Sverris Egilssonar og Soffíu Guðrúnar Jónasdóttur er varðar skilmálabreytingu fyrir lóðirnar Illagil 17 og Illagil 19. Í breytingunni felst að skilmálar er varðar hámarksbyggingarmagn á lóðum, mænishæð og aukahús á lóð er breytt innan deiliskipulagssvæðisins í heild. Breytingin var grenndarkynnt og bærust athugasemdir vegna málsins og eru þær lagðar fram við afgreiðslu þess. Í athugasemdum fólst að tekið var undir framlagða breytingu á deiliskipulagi svæðisins en farið var þess á leit að nýtingarhlutfall lóða innan svæðisins verði 0,05 í stað 0,03.

Sveitarstjórn samþykkir framlagða breytingu á deiliskipulagi svæðisins eftir auglýsingu. Sveitarstjórn telur ekki ástæðu til að bregðast við þeim athugasemdum sem bárust vegna málsins þar sem aukið nýtingarhlutfall lóða innan svæðisins samræmist ekki stefnu aðalskipulags sveitarfélagsins. Sveitarstjórn samþykkir að deiliskipulagið taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda og verði send Skipulagsstofnun til varðveislu í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Mál nr. 17: Kringla 9 L232038; Árvegsbotnar 42-56; Stofnun lóða; Deiliskipulag - 2202091.

Lögð er fram umsókn frá Ingibjörgu Guðrínu Geirsdóttur er varðar nýtt deiliskipulag í landi Kringlu 9 eftir kynningu. Innan deiliskipulagsins er gert ráð fyrir 7 lóðum fyrir frístundabyggð. Engar athugasemdir bárust við kynningu málsins.

Sveitarstjórn samþykkir deiliskipulagið og að það verði auglýst á grundvelli 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem allar meginforsendur liggja fyrir innan aðalskipulags sveitarfélagsins.

Mál nr. 18: Mosfell L168267; Endurheimt votlendis; Framkvæmdarleyfi – 2202026.

Lögð er fram umsókn um framkvæmdaleyfi frá Landgræðslunni í landi Mosfells L168267 eftir grenndarkynningu. Í framkvæmdinni felst endurheimt á fyrrum votlendi í landi Mosfells. Svæðið er um 50 ha að stærð og skiptist í tvö svæði. Fyrirhugað er að fylla upp í/stífla um 3.665 metra af skurðum. Áhersla verður lögð á að vanda til verka, þjappa efninu vel ofan í skurðstæðið svo að fyllingar skolist ekki til og að öryggi manna og dýra sé gætt. Eins á að taka til hliðar gróður úr skurðum og ofan af ruðningum til að þekja yfirborð rasksvæða og flýta þannig fyrir uppgræðslu þeirra. Verkið verður unnið með beltagrófu og einungis notaðir gamlir ruðningar og efni á endurheimtarsvæðinu til að fylla upp í skurðina. Athugasemdir bárust við kynningu málsins og eru þær lagðar fram við afgreiðslu þess.

Sveitarstjórn synjar útgáfu framkvæmdaleyfis fyrir endurheimt votlendis í landi Mosfells í óbreyttri mynd í ljósi framkominna athugasemda við grenndarkynningu. Að mati sveitarstjórnar er nauðsynlegt að meta hugsanleg áhrif vegna endurheimtar votlendis á skilgreinda landnotkun aðliggjandi svæða með ítarlegum hætti og gera grein fyrir hugsanlegum áhrifum við umsókn.

Mál nr. 19: Öndverðarnes 2 lóð L170138; Hnitsetning lóðar – 2205014.

Lögð er fram umsókn frá MEST ehf þar sem óskað er eftir staðfestingu á afmörkun og breytingu skráningu stærðar lóðar Öndverðarnes 2 lóð L170138 skv. meðfylgjandi hnitsettu lóðablaði sem ekki hefur legið fyrir áður. Lóðin er skráð 11.000 m² en mælist 11.412 m² skv. hnitsettri afmörkun. Við afgreiðslu málsins liggur fyrir samþykki eigenda aðliggjandi landeigna fyrir utan L170102 sem einnig er talin vera aðliggjandi landeign.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við skilgreiningu lóðarinnar eða breytta skráningu skv. fyrirleggjandi umsókn og samþykkir erindið með fyrirvara um samþykki eiganda L170102.

Mál nr. 20: Brekkugerði 6 L169242; Innkeyrsla; Framkvæmdarleyfi – 2205016.

Lögð er fram umsókn um framkvæmdaleyfi frá Karli O. Karlssyni. Í framkvæmdinni felst að keyrð verði mól í innkeyrslu og eitthvað inn á lóðina um 15 til 20m. Að auki er tiltekið innan umsóknar að ætlunin sé að setja upp hreinlætisaðstöðu innan lóðarinnar og að seinna meir standi til að byggja sumarhús á lóðinni.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við gerð innkeyrslu inn á lóðina sé hún í samræmi við gildandi deiliskipulag svæðisins. Sveitarstjórn bendir á að hverskyns byggingar innan lóðarinnar eru háðar umsókn til byggingarfulltrúa UTU.

Mál nr. 21: Mýrarkot frístundabyggð; Breyting á byggingarreitum og lóðamörkum; Deiliskipulagsbreyting – 2205017.

Lögð er fram umsókn um breytingu á deiliskipulagi frá félagi lóða/sumarhúsaiegenda við Héðinslæk. Í breytingunni felst að byggingarreitir Jörfagerðis 5 og 6 eru stækkaðir auk þess sem mörk á milli lóða Furugerðis, Hlyngerðis 2 og Lerkigerðis 1 eru leiðrétt.

Sveitarstjórn samþykkir viðkomandi breytingar á deiliskipulagi svæðisins og að málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi.

Mál nr. 22: Mýrarkot; Álftamýri 8 L200820; Þakhalli; Deiliskipulagsbreyting – 2205019.

Lögð er fram umsókn frá Einari Jóhannesi Lárussyni er varðar breytingu á deiliskipulagi frístundabyggðar að Mýrarkoti. Í erindinu felst að gerð verði breyting á núverandi skilmálum deiliskipulagsins er varðar þakhalla. Innan núverandi deiliskipulags er gert ráð fyrir heimild fyrir 15° - 60° þakhalla en með breytingu er gert ráð fyrir að heimild verði fyrir 5° - 60° þakhalla innan svæðisins.

Sveitarstjórn samþykkir viðkomandi breytingar á deiliskipulagi svæðisins og að málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi.

Mál nr. 23: Hraunkot; Fjölgun lóða og breytt stærð húsa; Deiliskipulagsbreyting – 2205021.

Lögð er fram umsókn frá Sjómannadagsráði er varðar breytingu á deiliskipulagi Hraunkots. Í breytingunni felst meðal annars fjölgun lóða um 59 sem verða 402 eftir breytingu. Stærðum aðalhúss og geymslu- og gestahúsa er breytt og þau stækkuð. Skipulagssvæðin eru tvö í dag A og B en verða sameinuð í eitt skipulagssvæði.

Sveitarstjórn samþykkir deiliskipulagstillögu til kynningar og umsagna í samræmi við 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Sveitarstjórn mælist til þess að eigendum aðliggjandi lóða við skilgreindar nýjar lóðir verði sérstaklega kynnt breytingin.

Mál nr. 24: Markalækur L192476; Sameining lóða; Deiliskipulagsbreyting – 2112047.

Lögð er fram deiliskipulagsbreyting sem tekur til breytingar á deiliskipulagi í landi Syðri-Brúar í Grímsnes- og Grafningshreppi eftir auglýsingu.

Deiliskipulagsbreytingin nær til 2 ha lands, Markalækjar L192476, og gerir ráð fyrir sameiningu tveggja lóða í eina lóð ásamt breyttum byggingarheimildum innan svæðisins. Landnúmer er 192476 og helst óbreytt. Skipulagssvæðið er landbúnaðarsvæði skv. aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshreppi og er skráð sem lögbýli sbr. staðfestingu Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra. Innan deiliskipulagsins er gert ráð fyrir uppbyggingu á íbúðarhúsi, allt að 4 gestahúsum auk geymsluhúsnæðis/skemmu. Landið er að hluta ógróinn melur og syðsti hluti þess nýttur sem malarnáma fyrir mörgum árum síðan. Landið er ekki talið hafa verndargildi sökum gróðurs eða jarðfræði. Athugasemdir og umsagnir bárust á auglýsingatíma skipulagsins og eru þær lagðar fram við afgreiðslu málsins ásamt uppfærðum skipulagsgögnum og andsvörum umsækjanda. Málinu var frestað á 237. fundi skipulagsnefndar og skipulagsfulltrúa falið að annast samskipti við skipulagshönnuð og lóðarhafa vegna framkominna athugasemda.

Sveitarstjórn samþykkir framlagt deiliskipulag eftir auglýsingu. Sveitarstjórn telur að brugðist hafi verið við athugasemdum og umsögnum sem bárust vegna málsins með fullnægjandi hætti. Sveitarstjórn mælist jafnframt til þess að deiliskipulagið taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda að lokinni yfirferð Skipulagsstofnunar í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Þeim sem athugasemdir gerðu verði kynnt niðurstaða sveitarfélagsins.

Mál nr. 31: Afgreiðslur byggingarfulltrúa - 22-163 - 2204004F.

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 4. maí 2022.

e) Fundargerð 240. fundar Skipulagsnefndar Uppsveita, 25. maí 2022.

Mál nr. 16, 17, 18, 19, 20, 21, 22, 23, 24, 25 og 32 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.

Lögð fram 240. fundargerð Skipulagsnefndar Uppsveita, dagsett 25. maí 2022. Eftirfarandi dagskrárliðir þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar;

Mál nr. 16: Vaðnes; Frístundabyggð; 3. áfangi; Deiliskipulagsbreyting – 2204055.

Lögð er fram umsókn frá Páli Helga Kjartanssyni er varðar stækkun frístundabyggðar að Vaðnesi. Málið er lagt fram til kynningar, óskað er eftir samráði við skipulagsnefnd og sveitarstjórn um uppsetningu tillögu og málsmeðferð málsins.

Sveitarstjórn mælist til þess að framlögð stækkun á viðkomandi frístundasvæði verði unnin sem nýtt deiliskipulag. Að mati sveitarstjórnar getur svo umfangsmikil stækkun frístundasvæðisins ekki talist breyting á gildandi deiliskipulagi svæðisins.

Mál nr. 17: Álfabrekka; Skógrækt; Framkvæmdaleyfi – 2205032.

Lögð er fram umsókn frá Skógálfum ehf. er varðar framkvæmdaleyfi fyrir skógrækt á landi Álfhóls. Heildar flatarmál svæðisins sem tekur til umsóknarinnar er 100 ha í samræmi við framlögð fylgiskjöl. Sveitarstjórn samþykkir útgáfu framkvæmdaleyfis á grundvelli 5. mgr. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og að skógræktaráformin verði grenndarkynnt eigendum aðliggjandi jarðar.

Mál nr. 18: Hestur lóð 105 L168611; Fyrirspurn – 2205051.

Lögð er fram fyrirspurn frá Helgu Gunnlaugsdóttur er varðar byggingarheimildir innan lóðar Hests lóð 105. Í heimildinni felst að heimilt verði að nýta landhalla á lóðinni og hafa steiptan kjallara undir öllu húsinu.

Sveitarstjórn telur eðlilegt að heimiluð sé gerð kjallara undir húsum þar sem landhali býður upp á slíkt innan skipulagsskilmála deiliskipulags. Að mati sveitarstjórnar þyrfti slík heimild að taka til svæðisins í heild og taka til þess að heimilað væri að hafa steiptan kjallara undir húsum á svæðinu að hluta eða öllu leiti þar sem landhali og aðstæður leyfa. Mælist sveitarstjórn til þess að málsaðili hafi samráð við sumarhúsafélag svæðisins um að annast umsókn um breytingu á deiliskipulagi sem taki til slíkra heimilda.

Mál nr. 19: Öndverðarnes Kambshverfi; Hlíðarhólsbraut 10 og 12; Stækkun lóða; Deiliskipulagsbreyting – 2205071.

Lögð er fram umsókn frá Öndverðarnes ehf. er varðar breytingu á deiliskipulagi Kambshverfis í Öndverðarnesi. Í breytingunni fellst stækkun lóða Hlíðarhólsbrautar 10 og 12.

Sveitarstjórn samþykkir viðkomandi breytingar á deiliskipulagi svæðisins og að málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi.

Mál nr. 20: Kiðjaberg lóð 110 L198885; Stækkun lóðar; Deiliskipulagsbreyting – 2205073.

Lögð er fram umsókn frá Gestí Jónssyni er varðar breytingu á deiliskipulagi vegna lóðar Kiðjaberg 110. Í breytingunni felst að lóðin stækkar til vestur um 1000 m² og verður 6000 m² að breytingu lokinni. Fyrir liggur samþykki Kiðjabergsfélagsins um stækkun lóðarinnar úr upprunalandi Kiðjabergs.

Sveitarstjórn samþykkir viðkomandi breytingar á deiliskipulagi svæðisins og að málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi. Þar sem málið varðar enga aðrir hagsmunaaðila en umsækjanda og landeiganda upprunalands er ekki talin þörf á grenndarkynningu.

Mál nr. 21: Grímkeilsstaðir 8 L170859; Krókur L170822; Stækkun lóðar – 2205084.

Lögð er fram umsókn Jóns Hauks Edwald um stækkun lóðarinnar Grímkeilsstaðir 8 L170859. Lóðin er í dag skráð 2.500 m² en verður 3.500 m² eftir stækkun skv. meðfylgjandi afsali og mæliblaði. Stækkunin kemur úr jörðinni Krókur L170822. Fyrir liggur samþykki eigenda aðliggjandi landeigna fyrir hnitsettri afmörkun lóðarinnar.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við stækkun lóðarinnar skv. fyrirbyggjandi umsókn.

Mál nr. 22: Hraunbraut 43 L233711; Borg; Breytt mænisstefna; Deiliskipulagsbreyting – 2205035.

Lögð er fram umsókn Baldurs Sigurðssonar og Sveinbjargar Guðnadóttur um breytingu á mænisstefnu lóðarinnar Hraunbraut 43, miðað við núverandi skipulag fyrir Borg, vegna lögunar á byggingarreit og að um er að ræða hornlóð. Stofnun lóðarinnar í ferli. Sveitarstjórn mælist til þess að unnin verði breyting á deiliskipulagi svæðisins í takt við framlagða umsókn og að málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi.

Mál nr. 23: Borgarleynir 35 L199088; Fyrirspurn – 2205034.

Lögð er fram fyrirspurn til skipulagsnefndar er varðar breytingu á deiliskipulagi. Í breytingunni felst að byggingarreitur lóðar Borgarleynis 35 verði dreginn í 10 metra frá vegi í stað 20 metra. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við framlagða fyrirspurn og mælist til þess að sótt verði formlega um breytingu á deiliskipulagi svæðisins á grundvelli framlagðrar fyrirspurnar.

Mál nr. 24: Neðan-Sogsvegur 61 L169338, Norðurkot, Skipting lóðar, Deiliskipulagsbreyting – 2010091.

Lögð er fram umsókn um deiliskipulagsbreytingu lóða Neðan-Sogsvegur 61, 61A og 61B. Í breytingunni felst ný skilgreining lóða og byggingarreita innan svæðisins auk byggingarheimilda. Samhliða er lögð fram undanþága Innviðaráðuneytis vegna takmarkanna er varðar fjarlægð frá vegi. Sveitarstjórn samþykkir viðkomandi breytingar á deiliskipulagi og að málið fái málsmeðferð á grundvelli 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar breytingar á deiliskipulagi.

Mál nr. 25: Kiðjaberg lóð 90 L168955; Stækkun byggingarreits; Deiliskipulagsbreyting – 2201021.

Lögð er fram tillaga breytingar á deiliskipulagi frístundasvæðis að Kiðjabergi eftir grenndarkynningu. Breytingin felur í sér breytta legu byggingarreits innan lóðar Kiðjabergs lóð 90. Stærð reitsins helst óbreytt og engar breytingar eru gerðar á skipulagsskilmálum svæðisins. Ábendingar bárust við grenndarkynningu og er því málið lagt fram að nýju eftir kynningu. Sveitarstjórn telur ekki þörf á að bregðast við framlagðri athugasemd/ábendingu við afgreiðslu málsins þar sem breytingin tekur ekki til breytinga á núverandi bílastæðum samkvæmt skipulagi. Sveitarstjórn samþykkir deiliskipulagskynninguna eftir grenndarkynningu. Jafnframt mælist sveitarstjórn til þess að deiliskipulagið taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda og verði send Skipulagsstofnun til varðveislu í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Mál nr. 32: Afgreiðslur byggingarfulltrúa - 22-164 - 2205002F

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 18. maí 2022.

f) Fundargerð 20. fundar stjórnar Brunavarna Árnassýslu, 19. nóvember 2021.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

g) Fundargerð 21. fundar stjórnar Brunavarna Árnassýslu, 2. febrúar 2022.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

h) Fundargerð 22. fundar stjórnar Brunavarna Árnassýslu, 9. mars 2022.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

i) Fundargerð 23. fundar stjórnar Brunavarna Árnassýslu, 29. apríl 2022.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

j) Fundargerð 24. fundar stjórnar Brunavarna Árnassýslu, 16. maí 2022.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

k) Fundargerð Framkvæmdaráðs Almannavarna Árnassýslu, 26. apríl 2022.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

l) Fundargerð 311. fundar stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands, 17. maí 2022.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

m) Fundargerð 18. fundar um svæðisskipulag fyrir Suðrhálendið, 5. apríl 2022.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

n) Fundargerð aðalfundar Markaðsstofu Suðurlands, 5. maí 2022.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

o) Fundargerð 7. fundar stjórnar Markaðsstofu Suðurlands, 11. apríl 2022.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

p) Fundargerð 8. fundar stjórnar Markaðsstofu Suðurlands, 5. maí 2022.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

q) Fundargerð 1. fundar stjórnar Markaðsstofu Suðurlands, 13. maí 2022.
Fundargerðin lögð fram til kynningar.

r) Fundargerð 201. fundar stjórnar Tónlistarskóla Árnesinga, 3. maí 2022.
Fundargerðin lögð fram til kynningar.

s) Fundargerð 218. fundar Heilbrigðisnefndar Suðurlands, 6. maí 2022.
Fundargerðin lögð fram til kynningar.

t) Fundargerð 39. fundar Bergrisans, 12. apríl 2022.
Fundargerðin lögð fram til kynningar.

u) Fundargerð 909. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, 27. apríl 2022.
Fundargerðin lögð fram til kynningar.

10. Reglur um birtingu fylgigagna með fundargerðum sveitarstjórnar á heimasíðu Grímsnes- og Grafningshrepps.
Fyrir liggja drög að reglum um birtingu fylgigagna með fundargerðum sveitarstjórnar á heimasíðu Grímsnes- og Grafningshrepps. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fyrirbyggjandi drög.

11. Ályktun vegna betri vinnutíma í dagvinnu hjá kennurum Kerhólsskóla.
Lögð fram ályktun kennara hjá Kerhólsskóla um betri vinnutíma í dagvinnu kennara ásamt tillögu vegna vinnutímastyttingu. Sveitarstjórn frestar afgreiðslu málsins og felur oddvita að afla frekari gagna.

12. Bréf frá framkvæmdarstjóra SASS vegna aukaaðalfundar SASS þann 16. júní 2022.
Lagt fram til kynningar bréf frá framkvæmdarstjóra SASS, Bjarna Guðmundssyni, dagsett 19. maí 2022 þar sem greint er frá því að aukaaðalfundur SASS verði haldinn á Selfossi þann 16. júní 2022. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að öllum kjörnum fulltrúum í sveitarstjórn standi til boða að sækja fundinn.

13. Úrskurður frá Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála nr. 163/2021.

Fyrir liggur til kynningar úrskurður frá úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála í máli nr. 163/2021. Niðurstaða úrskurðarnefndarinnar er eftirfarandi: hafnað er kröfu kæranda um að felld verði úr gildi ákvörðun sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps frá 6. október 2021 um að samþykka breytingu á deiliskipulagi Norðurkots í Grímsnesi, sumarhúsaahverfis, svæðis 3, varðandi lóðina Neðan-Sogsvegar 4.

14. Efnistaka í Seyðishólum, Grímsnes- og Grafningshreppi álit um matsáætlun frá Skipulagsstofnun.

Lögð fram til kynningar niðurstaða Skipulagsstofnunar, dagsett 27. maí 2022, á matsáætlun Suðurtaks um efnistöku í Seyðishólum.

15. Ársskýrsla og ársreikningur Skógræktarfélagis Grímsnesinga 2021.

Lagt fram til kynningar annars vegar ársskýrsla og hins vegar ársreikningur Skógræktarfélagis Grímsnesinga fyrir árið 2021.

16. Bréf frá orlofsnefnd húsmæðra í Árnes- og Rangárvallasýslu ásamt skýrslu um starfsemi þess og ársreikningi fyrir árið 2021.

Lagt fram til kynningar bréf frá Orlofsnefnd húsmæðra í Árnes- og Rangárvallasýslu varðandi greiðslu vegna orlofs húsmæðra. Meðfylgjandi bréfinu er reikningur, skýrsla um starfsemi orlofs húsmæðra í Árnes- og Rangárvallasýslu, ársreikningur fyrir árið 2021 og yfirlit yfir greiðslu allra sveitarfélaga sem greiða skulu í Orlof húsmæðra í Árnes- og Rangárvallasýslu.

17. Bréf til sveitarfélaga frá mennta- og barnamálaráðherra vegna móttöku barna á flóttu frá Úkraínu.

Lagt fram til kynningar bréf, dagsett 6. maí 2022, til sveitarfélaga frá mennta- og barnamálaráðherra vegna móttöku barna á flóttu frá Úkraínu.

18. Ákall til sveitarstjórna um allt land – menntun til sjálfbærni.

Lagt fram til kynningar erindi, dagsett 27. maí 2022, til sveitarstjórnar þar sem skorað er á sveitarstjórn að styðja við skólafólk og gera sveitarfélagið okkar að fyrirmynd annarra í loftslagsmálum og menntun til sjálfbærni.

19. Styrkbeiðni frá Félagi Foreldrajafnrétts.

Fyrir liggur tölvupóstur frá Félagi Foreldrajafnrétts, dagsett 4. maí 2022, þar sem óskað er eftir styrk til að standa straum af kostnaði við gerð fræðsluefnis um mikilvægi tengsla barna við báða foreldra eftir skilnað. Sveitarstjórn hafnar samhljóða styrkbeiðninni.

20. Bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga um brotthvarf úr framhaldsskólum.

Lagt fram til kynningar bréf, dagsett 4. maí 2022, frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga um brotthvarf úr framhaldsskólum.

21. Beiðni Umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis um umsögn um frumvarp til laga um stefnumótandi byggðaaætlun fyrir árin 2022-2036, 563. mál.

Fyrir liggur beiðni Umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis um umsögn um frumvarp til laga um stefnumótandi byggðaaætlun fyrir árin 2022-2036, 563. mál.

Frumvarpið lagt fram til kynningar.

22. Beiðni Umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis um umsögn um frumvarp til laga um skipulagslög (uppbygging innviða), 573. mál.

Fyrir liggur beiðni Umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis um umsögn um frumvarp til laga um skipulagslög (uppbygging innviða), 573. mál.

Frumvarpið lagt fram til kynningar.



**528. fundur 15. júní 2022 kl. 09:00 - 10:35
Stjórnsýsluhúsinu Borg**

Sveitarstjórn

- Ása Valdís Árnadóttir
- Björn Kristinn Pálmarsson
- Steinar Sigurjónsson í fjarveru Smára Bergmanns Kolbeinssonar
- Dagný Davíðsdóttir
- Ragnheiður Eggertsdóttir

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Ása Valdís Árnadóttir

1. Fundargerðir.

a) Fundargerð 241. fundar Skipulagsnefndar Uppsveita, 8. júní 2022. Mál nr. 11, 12, 13, 14, 15, 16, 17, 18, 19 og 30 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.

Lögð fram 241. fundargerð Skipulagsnefndar Uppsveita, dagsett 8. júní 2022. Eftirfarandi dagskrárliðir þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar;

Mál nr. 11: Klausturhólar L168258; Bæjartorfa; Deiliskipulag - 2201053.

Lögð er fram tillaga er varðar nýtt deiliskipulag sem tekur til bæjartorfunnar að Klausturhólum L168258 eftir auglýsingu. Í deiliskipulaginu felst skilgreining byggingarheimilda á 7 lóðum og 8 byggingarreitum. Innan svæðisins er m.a. gert ráð fyrir uppbyggingu íbúðarhúsa, skemma og hesthúss. Umsagnir bárust á auglýsingatíma skipulagsins og eru þær lagðar fram við afgreiðslu málsins ásamt uppfærðri skipulagstillögu.

Sveitarstjórn samþykkir framlagt deiliskipulag eftir auglýsingu. Sveitarstjórn telur að brugðist hafi verið við umsögnum sem bárust vegna málsins með fullnægjandi hætti innan gagnanna og mælist til þess að deiliskipulagið taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda að lokinni yfirferð Skipulagsstofnunar í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Mál nr. 12: Miðengi lóð 17a L199066; Bátaskýli; Fyrirspurn - 2205107.

Lögð er fram fyrirspurn frá Sigyn Eiríksdóttur og Friðriki Degi Arnarssyni er varðar endurbyggingu á bátaskýli innan lóðar Miðengis lóð 17a í takt við framlagða samantekt vegna málsins.

Að mati sveitarstjórnar er endurbygging hússins ekki æskileg á sama stað vegna flóðahættu líkt og fram kemur í framlögðum gögnum vegna málsins. Skýlið er auk þess ekki innan byggingarreits samkvæmt deiliskipulagi svæðisins.

Mál nr. 13: Hamrar 3 L224192; Lón; Stofnun lóðar - 2205119.

Lögð er fram umsókn frá Þorsteini Garðarssyni er varðar stofnun 2.54 ha lóðar úr landi Hamra 3 L224192. Lóðin fái staðfangið Lón. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við stofnun lóðarinnar skv. fyrirbyggjandi umsókn.

Mál nr. 14: Vatnsbrekka 1 L199296; Skipting lóðar; Deiliskipulag – 2201076.

Lögð er fram tillaga er varðar nýtt deiliskipulag sem tekur til Vatnsbrekku 1 L199296. Í deiliskipulaginu er gert ráð fyrir að landinu verði skipt upp í fjórar jafnstórar lóðir sem verða um 21.750 m² hver. Ein lóðanna er þegar byggð og á henni er sumarbústaður (93,3 m²) byggður 2007 og geymsla (12,4 m²) byggð 2007. Heimilt er að reisa geymslu, svefnhús eða gróðurhús innan byggingarreits, þó ekki stærri en 40 m². Umsagnir bærust vegna málsins og eru þær lagðar fram við afgreiðslu þess ásamt uppfærðum skipulagsuppdætti. Sveitarstjórn samþykkir framlagt deiliskipulag eftir auglýsingu og telur að brugðist hafi verið við umsögnum sem bærust vegna málsins með fullnægjandi hætti innan gagnanna. Sveitarstjórn mælist til þess að deiliskipulagið taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda að lokinni yfirferð Skipulagsstofnunar í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Mál nr. 15: Krókur L170822; Gufuafsvirkjun á Folaldahálsi; Skilgreining iðnaðarsvæðis; Deiliskipulag - 2010071.

Lögð er fram tillaga deiliskipulags vegna Gufuafsvirkjunar á Folaldahálsi í landi Króks L170822 eftir auglýsingu og yfirferð Skipulagsstofnunar. Innan deiliskipulags er gert ráð fyrir þremur borholum ásamt gufuskilju, gufuháf ásamt gufulögnum og öðrum búnaði gufuafsvirkjunar auk stöðvarhúss og kæliturna. Gert er ráð fyrir því að 11 kV jarðstrengur verði lagður um 7 km leið að bænum Króki. Raforkuframléiðsla er áætluð allt að 3,9 MW. Umsagnir bærust á auglýsingatíma deiliskipulagsins og eru þær lagðar fram við afgreiðslu málsins ásamt athugasemdum Skipulagsstofnunar. Sveitarstjórn samþykkir framlagt deiliskipulag eftir auglýsingu og telur að brugðist hafi verið við umsögnum og athugasemdum sem bærust við tillöguna með fullnægjandi hætti. Sveitarstjórn mælist því til þess að deiliskipulagið taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda að lokinni yfirferð og afgreiðslu Skipulagsstofnunar í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Mál nr. 16: Búrfellsvegur (351); Frá Klausturhólum að Búrfelli; Framkvæmdaleyfi - 2205140.

Lögð er fram umsókn um framkvæmdaleyfi frá Vegagerðinni er varðar endurbyggingu Búrfellsvegar (351). Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við útgáfu framkvæmdaleyfis.

Mál nr. 17: Gíslabraut 1 L194306 og 3 L169841; Breytt afmörkun lóða; Deiliskipulagsbreyting – 2205141.

Lögð er fram umsókn frá Ólafi Þór Þorsteinssyni er varðar breytingu á deiliskipulagi sem tekur til Gíslabrautar 1 og 3. Í breytingunni felst að lóðamörk

á milli lóðanna breytast.

Sveitarstjórn samþykkir viðkomandi breytingar á deiliskipulagi svæðisins og að málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi. Þar sem engir aðrir hagsmunaaðilar eru innan svæðisins en umsækjandi er ekki talin þörf á grenndarkynningu.

Mál nr. 18: Nesjavallavirkjun L170925; Gasháfur; Framkvæmdarleyfi - 2206001.

Lögð er fram umsókn frá Orku náttúrunnar ohf. er varðar framkvæmdaleyfi við Nesjavallavirkjun. Í framkvæmdinni felst uppsetning á nýjum gasháf á Nesjavöllum með það að markmiði að draga úr hættu af völdum jarðhitagasa sem innihalda brennisteinsvetni en það er eitruð lofttegund. Um er að ræða nýjan stað fyrir mögulega útsleppingu á jarðhitagasi frá virkjuninni þegar aðstæður valda því að núverandi útsleppingarstaðir henta ekki, t.d. vegna vindátta. Ekki er um að ræða neina breytingu á magni jarðhitagasa sem sleppt er út.

Sveitarstjórn fékk kynningu á fyrirhugaðri framkvæmd í fjarfundi frá Sæmundi Guðlaugssyni og Guðmundi Kjartanssyni hjá Orku Náttúrunnar. Að mati sveitarstjórnar telst umsóknin vera háð útgáfu byggingarleyfis en ekki framkvæmdaleyfis. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við útgáfu leyfis á grundvelli deiliskipulags svæðisins. Að mati sveitarstjórnar er þörf á að vinna að heildarendurskoðun deiliskipulags fyrir svæðið sem var upphaflega unnið árið 2001 m.s.br.

Mál nr. 19: Björk 1 L211337; Færsla vegtengingar; Framkvæmdarleyfi - 2206004.

Lögð er umsókn frá Grímsnes- og Grafningshrepp er varðar framkvæmdaleyfi. Í framkvæmdinni felst færsla á vegtengingu að vatnsbóli. Núverandi vegtenging verður fjarlægð ásamt ristarhliði og ný 4 metra breidd vegtenging sett norðar á Bjarkarvegi og sett ristarhlið. Ný tenging nær að núverandi vatnsveituvegi. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við útgáfu framkvæmdaleyfis á grundvelli gildandi deiliskipulags.

Mál nr. 30: Afgreiðslur byggingarfulltrúa - 22-165 - 2205005F.

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 1. júní 2022.

b) Fundargerð 93. fundar stjórnar byggðasamlags UTU, 11. maí 2022.
Fundargerðin lögð fram til kynningar.

c) Fundargerð 94. fundar stjórnar byggðasamlags UTU, 8. júní 2022.
Fundargerðin lögð fram til kynningar.

d) Fundargerð 40. fundar Bergrisans, 10. maí 2022.
Fundargerðin lögð fram til kynningar.

e) Fundargerð 41. fundar Bergrisans, 23. maí 2022.
Fundargerðin lögð fram til kynningar.

f) Fundargerð vorfundar Héraðsnefndar Árnesinga, 9. maí 2022.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

g) Fundargerð 582. fundar stjórnar SASS, 3. júní 2022.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

2. Aðalskipulag Grímsnes- og Grafningshrepps 2020-2032.

Lagt fram endurskoðað aðalskipulag Grímsnes- og Grafningshrepps 2020-2032 ásamt fylgiskjöllum að lokinni auglýsingu og viðbragða vegna framkominna athugasemda.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða framlögð gögn er varða heildar endurskoðun aðalskipulags Grímsnes- og Grafningshrepps eftir auglýsingu. Umsagnir og athugasemdir bærast á auglýsingatíma sem sveitarstjórn telur að búið sé að bregðast við og svara með fullnægjandi hætti innan greinargerðar skipulagsins og framlögðu samantektarskjali. Sveitarstjórn mælist til þess að aðalskipulagstillagan taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda í samræmi við 2. og 3. mgr. 32. gr. Skipulagslaga nr. 123/2010 að lokinni yfirferð skipulagsstofnunar.

Samkvæmt 35. gr. skipulagslaga 123/2010 ber sveitarstjórn að loknum kosningum að meta hvort ástæða sé til að endurskoða aðalskipulag sveitarfélagsins. Með fyrrgreindri staðfestingu á heildar endurskoðun aðalskipulags Grímsnes- og Grafningshrepps 2020-2032 sem verið hefur í vinnslu á síðasta kjörtímabili telur sveitarstjórn að hún hafi þar með uppfyllt skyldur sínar.

3. Erindi til sveitarstjórnar frá Magnúsi Ingberg Jónssyni.

Lagt fram að nýju erindi frá Magnúsi Ingberg Jónssyni, dagsett 29. apríl 2022, þar sem farið er yfir athugasemd við fyrirhugaða aukna vatnsvernd á jörðinni Lyngdal.

Sveitarstjórn telur sig hafa brugðist við athugasemdum við fyrirhugaða aukna vatnsvernd í endurskoðun aðalskipulagsins og hafnar því samhljóða tilboðinu.

4. Kauptilboð í Klausturhóla b götu 6a.

Fyrir liggur kauptilboð í sumarhúslóð sveitarfélagsins við Klausturhóla b götu 6a í Klausturhólalandi að fjárhæð kr. 2.300.000.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fyrirliggjandi kauptilboð gegn staðgreiðslu. Sveitarstjóra falið að skrifa undir kaupsamninginn.

5. Dagdvalarþjónusta í Uppsveitum.

Fyrir liggur erindi frá Bláskógabyggð dagsett 1. júní 2022, þar sem kynnt var bókun sveitarstjórnar Bláskógabyggðar frá 1. júní 2022 um þá tillögu að unnin verði greining á þörf fyrir dagdvalarþjónustu fyrir eldri borgara. Ef af yrði myndu starfsmenn HSU í Laugarási og starfsmenn félagsþjónustunnar greina þörfina og skila álitni til sveitarfélaganna. Á því mætti byggja umsókn til heilbrigðisráðuneytisins um dagdvalarrými fyrir svæðið og greina hvaða staðsetning og húsnæði myndi henta. Ráðuneytið greiðir daggjöld með þeim rýmum sem samþykki fæst fyrir, en ætla má að húsnæðiskostnaður og akstursþjónusta yrði á kostnað sveitarfélaganna. Þess er óskað að

sveitarfélögin sem eiga aðild að félagsþjónustunni í Laugarási taki afstöðu til þess hvort þau óski eftir að taka þátt í þarfagreiningunni.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að taka þátt í þarfagreiningunni.

6. Samþykktir öldungaráðs Uppsveita og Flóa.

Fyrir liggja samþykktir öldungaráðs Uppsveita og Flóa.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða samþykktir öldungaráðs Uppsveita og Flóa.

7. Beiðni frá Sýslumanninum á Suðurlandi um umsögn vegna leyfis til reksturs veitinga í flokki II A veitingahús í Stofusundi 1.

Fyrir liggur bréf frá Sýslumanninum á Suðurlandi, dagsett 3. júní 2022 um umsögn vegna leyfis til reksturs veitinga í flokk II Veitingaleyfi –A Veitingahús í Þjónustumiðstöðinni Hraunborgum Grímsnesi í Grímsnes- og Grafningshreppi. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við að leyfið verði veitt með fyrirvara um jákvæða umsögn byggingarfulltrúa og Brunavarna Árnessýslu.

8. Erindi frá fræðslusetri Alviðru um Náttúruskólann að Alviðru.

Fyrir liggur bréf frá Tryggva Felixssyni formanni stjórnar Alviðru og stjórnar Landverndar, dagsett 29. maí 2022, þar sem óskað er eftir að Grímsnes- og Grafningshreppur ásamt sveitarfélögum í Árnessýslu taki í sameiningu að sér að fjármagna launakostnað starfsmanns Alviðru og deili sín á milli í samræmi við fjölda grunnskólanema.

Sveitarstjórn hafnar samhljóða tillögu um að sveitarfélagið taki þátt í launakostnaði starfsmanns. Sveitarstjórn er tilbúin að skoða aðra útfærslu á þessu fyrirkomulagi. Þar sem grunnhugsun verkefnisins er sú að skapa varanlegar forsendur fyrir fræðslustarfi sem fyrst og fremst myndi þjóna börnum þá felur sveitarstjórn Skólanefnd að skoða málið nánar og vera í sambandi við Tryggva Felixson.


9. Ályktun stjórnar FA vegna fasteignaskatta á atvinnuhúsnæði.

Lögð fram til kynningar ályktun stjórnar Félags atvinnurekanda vegna fasteignaskatta á atvinnuhúsnæði, dagsett 31. maí 2022. Þar ítrekar stjórn Félags atvinnurekanda áskoranir sínar til sveitarfélaga að lækka álagningarprósentu fasteignaskatts á atvinnuhúsnæði við gerð fjárhagsáætlana fyrir næsta ár til að bregðast við miklum hækkunum fasteignamats fyrir árið 2023. FA skorar jafnframt á sveitarfélögin að taka upp viðræður hið fyrsta við ríkisvaldið um breytingar á þessu fráleita kerfi þar sem skattgreiðslur af atvinnuhúsnæði eru beintengdar við þróun fasteignamats og taka þannig sífelldum hækkunum, án nokkurs tillits til gengis atvinnulífsins að öðru leyti.

10. Dómsmálaráðuneytið kynnir til samráðs mál nr. 94/2022, „Breyting á kosningalögum“.

Fyrir liggur til samráðs frá Dómsmálaráðuneytinu mál nr. 94/2022, „Breyting á kosningalögum“

Lagt fram til kynningar.



Sumarleyfi

Skrifstofa Grímsnes- og
Grafningshrepps
verður lokuð vegna sumarleyfa
frá
18. júlí til 8. ágúst 2022

Sveitarstjórn verður í
sumarleyfi seinni fund í
ágúst. Næstu fundir
sveitastjórnar eru þá
6. júlí og 17. ágúst.







Styrktarreikningur sveitarinnar er:

0586-26-456
kt. 490487-1319



Ólafur Gíslason & Co. hf.
Eldvarnamiðstöðin



Sinuklöppur

10.990 kr.

Því að sinueldar virða engin landamæri.
Vertu viðbúin(n).



Heimilispakki

Sá stærsti

- 6l Léttvatnsslökkvitæki,
- 5x Reykskynjarar
- Hitaskynjari
- Eldvarnarteppi

Verð aðeins:
~~36.161 kr.~~ **25.900 kr.**

Fæst á www.oger.is
og í Sundaborg 7



Ólafur Gíslason & Co. hf.
Eldvarnamiðstöðin



**Tökum að
okkur STÓR og
smá verk:**

**jarðvinnu - tætingu -
snjómokstur -
bílaflutninga,
jarðheflun &
fólksflutninga.**

Feðgaverk

Jóhannes og Guðmundur

Gsm: 848 - 1123 & 868 - 4115

Email: verktaki89@gmail.com

VERZLUNIN
BORG

**Opnunartími
1.maí - 1.september**

Mánudag - fimmtudag

8:30 - 18:30

Föstudag

8:30 - 20:00


Laugardag

9:00 - 20:00

Sunnudag

10:00 - 18:00

BÓKASAFN GRÍMSNES- OG GRAFNINGSHREPPS



LOKAD VEGNA SUMARLEYFIS FRÁ 13. JÚNÍ TIL 31. JÚLÍ



Grímsnes- og Grafningshreppur

GRENNÐARSTÖÐVAR

Í GRÍMSNES- OG GRAFNINGSHREPPI



Á grenndarstöðvum í sveitarfélaginu er hægt að skila eftirtöldum úrgangsflokkum í endurvinnslu:

Gler

Glass



Best er að safna gleri á hverju heimili og fara svo með á grenndarstöðina sem er næst þér.

Málmar

Metal



Best er að safna málum á hverju heimili og fara svo með á grenndarstöðina sem er næst þér.

Hvað flokkast sem málmur?

Málmilát undan matvöru	Metal cans e.g. soup cans
Málmíok af krukum	Metal jar lids
Úðarúsar	Aerosol spray/dispenser

Lífrænt

Organic



Hvað má fara í tunnuna?

Ávextir og ávaxtahýði	Fruits and peel
Grænmeti og grænmetishýði	Vegetables and peel
Egg og eggjaskurn	Eggs and eggshells
Eldaðir kjöt- og fiskatgangar	Cooked meat and fish leftovers
Mjöl	Grain
Hrisgrjón og pasta	Rice and pasta
Brauð og kökur	Bread and cookies
Kaffikorgur, kaffipokar og tepokar	Coffee grounds and bags and tea bags
Notuð eldhúsrél	Used kitchen rolls
Afskorin blóm og plöntur	Cut flowers and plants

Dósir og flöskur

Bottles and cans



Skilgjalddröglur umbúðir
Deposit beverage containers.

Pappír

Paper



Hvað má fara í gáminn?

Dagblöð og tímarit	Newspapers and magazines
Úmslög og gluggaúmslög	Envelopes with or without windows
Skriftstofupappír	Office papers
Bæklingar	Brochures
Hreinar mjólkurfermur	Clean milk container
Bylgjupappír	Corrugated cardboard
Gjafapappír	Gift wrapping paper
Eggjabakkar	Egg trays
Sléttur pappír s.s. morgunkornspakkar	Non corrugated cardboard e.g. cereal boxes, tissue boxes

Plast

Plastics



Hvað má fara í gáminn?

Plastpokar	Plastic bags
Plastbrúsar s.s. hreinsiefni	Detergent plastic emballage
Plastdósir s.s. skyr, ís, smurustur	Plastic cups e.g. yogurt cups, icecream containers, spreadable
Plastfilma glær og lituð	Plastic wrappings, clear and coloured
Plastumbúðir s.s. utan af keki og sælgæti	Plastic wrappings e.g. wrappings from candies and crackers
Plastbakkar	Plastic trays
Plastflöskur s.s. sjámpó og sósur	Plastic containers e.g. bottles for shampoo and sauce
Frauðplastumbúðir	Styrofoam containers
Pokar utan af snakké	Snack bags

Rusl

Waste



Hvað má fara í gáminn?

Litaðar serviettur	Stained napkins
Límmíðar	Stickers
Einnota hanskar	Disposable gloves
Gúmmihanskar	Rubber gloves
Pennar	Pens
Kveikjarar	Lighters
Tyggið	Chewing gum
Geisladiskar	Compact discs
Bleyjur	Diapers

Grenndarstöðvar eru við Vaðnesveg, Ásgarð, Úlfjótavatn, Hraunborgir, Torfastaði, Krínglu, Borg, Nesjavelli og Seyðishóla.

Gámastöð er við Seyðishóla. Sjá opnunartíma á www.gogg.is.




10% AFSLÁTTUR
GEGN FRAMVÍSUN MIÐANS

AUSTURVEGUR 31
800 SELFÖSS



GK BAKARÍ 
f GK BAKARÍ





Frá Leikfélaginu Borg

Leikfélagið Borg heldur leiklistanámskeið fyrir börn og ungmennti **dagana 1. - 5. ágúst**
Námskeiðið verður úti á Borg og kannski eitthvað inni, fer eftir veðri.

Tímar og hópar fara eftir fjölda og aldri þátttakenda, í framhaldinu verður þátttaka í Grímsævintýrum 6. ágúst fyrir þá sem það vilja.

Skráning á netfangið leikfelagidborg@gmail.com eða í síma 894-0932



Sumaropnun


Sumaropnunartími gámastöðvarinnar
Seyðishólum frá 1. maí til 31. ágúst

Mánudaga	Þriðjudaga	Miðvikudaga	Fimmtudaga	Föstudaga	Laugardaga	Sunnudaga
Lokað	13-16	Lokað	13-16	13-16	10-16	Lokað

Athugið að ofangreindur opnunartími breytist við stórhátíðir.

Lokað er á gámastöðinni eftirtalda daga: Nýársdag – Föstudaginn langa –
Páskadag – Frídag verkamanna 1. maí – Hvítasunnudag – 17. Júní –
Þorláksmessu – Aðfangadag jóla – Jóladað – Annan í jólum og Gamlársdag.

**OPIÐ ER FYRIR LOSUN HEIMILISSORPS
ALLAN SÓLARHRINGINN**



Saumakompan

TEK AÐ MÉR MARGSKONAR EINFALÐAN SAUMASKAP

Elsa Jónsdóttir

Sími 864-4642

Kerhólsskóli

Lausar stöður við Kerhólsskóla skólaárið 2022-2023.

Skólaliði í 60-100 % stöðu. Um er að ræða ræstingu á húsnæði grunnskóladeildar, gæslu í frímínútum og ef 100% staða þá bærast við leiðsögn í frístund.

Stuðningsfulltrúi í 60-100% stöðu.

Stuðningsfulltrúi aðstoðar kennara inni í bekk og ef 100% staða þá bætist við leiðsögn í frístund.

Í skólanum eru um sjöttíu nemendur í frá eins árs og upp í 10. bekk. Í Kerhólsskóla er lögð áhersla á einstaklingsmiðað nám, teymiskennslu og útinám. Unnið er samkvæmt hugmyndafræði „Uppeldi til ábyrgðar“. Leitað er eftir sjálfstæðu og drífandi fólki með áhuga á skólastarfi.

Hæfniskröfur:

- Góð hæfni í samskiptum, jákvæðni og sveigjanleiki í starfi
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum.
- Áhugi á fræðslu og velferð barna.
- Góð íslenskukunnátta.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðeigandi stéttarfélags.

Umsóknnum um störf skal fylgja skrá yfir meðmælendur.

Fólk af öllum kynjum er hvatt til að sækja um.

Umsóknarfrestur er til og með 1. ágúst 2022.

Nánari upplýsingar veitir Jóna Björg Jónsdóttir, skólastjóri í síma 480-5520 og

jonabjorg@kerholsskoli.is

Umsóknir sendist á netfangið

jonabjorg@kerholsskoli.is



GRÍMSNES- OG
GRAFNINGSHREPPUR

Sorphyrdudagatal 2022

Grímsnes- og Grafningshreppur

janúar						
sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
						1
2	3	4	5	6	7	8
9	10	11	12	13	14	15
16	17	18	19	20	21	22
23	24	25	26	27	28	29
30	31					

febrúar						
sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
		1	2	3	4	5
6	7	8	9	10	11	12
13	14	15	16	17	18	19
20	21	22	23	24	25	26
27	28					

mars						
sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
		1	2	3	4	5
6	7	8	9	10	11	12
13	14	15	16	17	18	19
20	21	22	23	24	25	26
27	28	29	30	31		

apríl						
sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
					1	2
3	4	5	6	7	8	9
10	11	12	13	14	15	16
17	18	19	20	21	22	23
24	25	26	27	28	29	30

maí						
sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
1	2	3	4	5	6	7
8	9	10	11	12	13	14
15	16	17	18	19	20	21
22	23	24	25	26	27	28
29	30	31				

júní						
sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
			1	2	3	4
5	6	7	8	9	10	11
12	13	14	15	16	17	18
19	20	21	22	23	24	25
26	27	28	29	30		

júlí						
sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
					1	2
3	4	5	6	7	8	9
10	11	12	13	14	15	16
17	18	19	20	21	22	23
24	25	26	27	28	29	30
31						

ágúst						
sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
	1	2	3	4	5	6
7	8	9	10	11	12	13
14	15	16	17	18	19	20
21	22	23	24	25	26	27
28	29	30	31			

september						
sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
					1	2
4	5	6	7	8	9	10
11	12	13	14	15	16	17
18	19	20	21	22	23	24
25	26	27	28	29	30	

október						
sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
						1
2	3	4	5	6	7	8
9	10	11	12	13	14	15
16	17	18	19	20	21	22
23	24	25	26	27	28	29
30	31					

nóvember						
sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
			1	2	3	4
6	7	8	9	10	11	12
13	14	15	16	17	18	19
20	21	22	23	24	25	26
27	28	29	30			

desember						
sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
					1	2
4	5	6	7	8	9	10
11	12	13	14	15	16	17
18	19	20	21	22	23	24
25	26	27	28	29	30	31

Tunnur fyrir almennt sorp og lífrænan úrgang
Tunnur fyrir pappir og plast
Heyrullplast

GRÍMSÆVINTÝRI

Á BORG 6. ÁGÚST



Grímsævintýri á Borg, 6. ágúst 2022

Tombóla, fjölskylduhátíð, markaður!



Fylgstu með viðburðinum á Facebook –

Grímsævintýri á Borg 2022

Kvenfélag Grímsneshrepps



HEILBRIGÐISSTOFNUN
SUÐURLANDS

Heilsugæslustöðin Laugarási er opin frá kl. 8.00 – 15.00 alla virka daga.

Tímamantanir og bókun í símaviðtal er í síma 432 2770.

Blóðprufur eru teknar mánudaga –
fimmtudaga.

Athugið að bóka þarf tíma í blóðprufur og beiðni frá lækni þarf
að liggja fyrir.

Lyfjaendurnýjun er á heilsuvera.is

Dagatal Kvenfélags Grímsneshrepps 2022

24. mars	Aðalfundur
30. apríl	Ársfundur SSK
2. maí	Vorganga í yndisskógi á Borg
14. maí	Kosningakaffi
24. maí	Vorfundur
2. júní	Vorganga og fögnuður í Mörkinni
10.-12. júní	Sumarþing NKF
16. júní	Heldriborgaraferð
17. júní	Fjallkonan
Júní	Undirbúningur fyrir Grímsævintýri
3.-5. ágúst	Vinnudagar fyrir Grímsævintýri
6. ágúst	Grímsævintýri
7. sept.	Hautfundur/Gróðursetning
28. okt.	Gímuball
Nóv.	Jólabingó
23. nóv.	Jólafundur



*Kæru félagskonur, endilega takið dagana
frá og merkið í dagatalið.*

Sumarblóm og kryddjurtir



Opið alla daga frá 10-16.





Íþróttamiðstöðin Borg

Sumaropnun



MÁNUDAGA - FIMMTUDAGA
10:00 - 21:30

FÖSTUDAGA, LAUGARDAGA OG
SUNNUDAGA 10:00 - 18:00

HÆTT ER AÐ HLEYPA OFAN Í LAUGINA
20 MÍNÚTUM FYRIR LOKUN

Netfang: sundlaug@gogg.is
Sími 480-5530

Ritstjóri Hvatarblaðsins er Linda Sverrisdóttir.
Ábyrgðarmaður: Þórleif Hoffmann Gunnarsdóttir
Efni í blaðið þarf að berast fyrir 28. hvers mánaðar á eftirfarandi
netföng: linda@gogg.is eða gogg@gogg.is